

Menningarkort fyrir eldri borgara

Reykjavík 20. júní 2019

Tillaga: Lagt er til að breytingar verði gerðar á aðgangseyri eldri borgara inn á söfn borgarinnar frá og með 1. júlí nk. Frá þeim tíma fái þeir sem eru 67 ára og eldri um 70% afslátt af Menningarkorti Reykjavíkur eða á verði sem samsvarar einskíptis aðgangi. Menningarkortið veitir ótakmarkaðan aðgang að öllum söfnum Reykjavíkurborgar, þ.e.a.s. Listasafni Reykjavíkur og Borgarsögusafni, auk þess sem handhafar kortsins fá bókasafnsskírteini án endurgjalds og ýmis önnur fríðindi. Að öðru leyti verði tekið upp stakt gjald fyrir 67 ára og eldri, sem verði það sama og aðgangseyrir fullorðinna.

Rökstuðningur: Eldri borgarar hafa haft gjaldfrjálstan aðgang að söfnum borgarinnar undanfarin ár, en frá árinu 2017 var aldursviðmiðið lækkað úr 70 í 67. Þrátt fyrir það hefur aðsókn þessa aldurshóps, inn á söfnin í Reykjavík, ekki aukist svo heitið geti. Til dæmis var fjöldi innlendra eldri gesta inn á söfn borgarinnar rétt um 6.000 árið 2013 og um 6.400 árið 2018. Á sama tímabili hefur erlendum ferðamönnum, 67 ára og eldri, fjölgað umtalsvert í hópi safngesta, án þess að það hafi skilað sér í tekjum til safnanna. Til dæmis komu samtals 14 íslenskir eldri borgarar inn á Landnámssýninguna í maímánuði síðastliðnum en 823 erlendir eldri gestir. Sé litið á fjölda erlendra eldri gesta inn á söfn borgarinnar undanfarin ár var hann rétt um 650 árið 2013 en vel yfir 19 þúsund árið 2018. Hefði þessi hópur erlendra eldri borgara greitt einskíptis aðgang inn á söfnin á síðasta ári hefðu samanlagðar tekjur numið um 31,5 mkr. sem söfnin urðu af, þess í stað.

Með hliðsjón af þessu er lagt til að gerðar verði breytingar á aðgangseyri safnanna og breikkaður sá hópur sem kemur til með að greiða einskíptis aðgang að söfnunum. Um leið verði þeim eldri borgurum sem vilja njóta safnastarfsins yfir lengra tímabil boðið að kaupa Menningarkort Reykjavíkur á um 70% afslætti eða á verði sem samsvarar einskíptis aðgangi. Kortið veitir ótakmarkaðan aðgang að öllum söfnum í eigu Reykjavíkurborgar en þar að auki veitir kortið afslátt af vörum í safnbúðum og af ýmsum öðrum menningarviðburðum, og má sem dæmi nefna 25% afslátt af miðaverði í Bíó Paradís og 20% afslátt af miðaverði í Tjarnarbíói, svo fátt eitt sé nefnt.

Samhliða þessum breytingum er lagt til að farið verði í átak til að kynna kosti Menningarkortsins og fjölbreytt menningarframboð borgarinnar í samstarfi við Félag eldri borgara í Reykjavík. Með samstarfi við Félag eldri borgara gefst jafnframt tækifæri til að kynna með reglubundnum hætti sýningar og viðburði sem handhafar Menningarkortsins njóta án endurgjalds, auk þess sem kynna má afslætti og sértíloboð og freista þess þar með að auka virkni og þátttöku eldri borgara í menningarlífi borgarinnar. Væri það í takt við menningarstefnu Reykjavíkurborgar sem segir að leitast skuli sífellt við að breikka þann hóp sem sækir menningarstofnanir og sporna þannig við menningarlegri aðgreiningu enda sé menningarupplifun ekki bara einangraður atburður heldur heildarupplifun, félagsskapur og fræðsla.

Rekstur safnanna er að miklu leyti háður tekjum af aðgangseyri og er því vonast til að breytingarnar komi til með að styrkja reksturinn og sporna við tekjusamdrætti. Um leið er þess vænst að hægt verði að ná betur til eldri borgara í gegnum Menningarkort Reykjavíkur og hvetja þann hóp sérstaklega til að njóta þess fjölbreytta menningarstarfs sem í boði er í borginni allan ársins hring.

Arna Schram

Sviðsstjóri menningar- og ferðamálasviðs Reykjavíkurborgar